



## Starfsmannastefna Fellaskóla

Í starfsmannastefnu Fellaskóla er lögð áhersla á traust, vinsemd og virðingu. Við leitumst við að skapa öllum jöfn tækifæri til starfspróunar og að hafa vinnuumhverfið hvetjandi og áhugavekjandi.

### Hamingja og virðing

Við viljum skapa og vinna á góðum, eftirsóknarverðum og öruggum vinnustað með starfsfólki sem ber virðingu fyrir hvert öðru. Við viljum vera laust við hvers kyns ofbeldi. Gætum trúnaðar og erum traustsins verð í orði og æði. Tölum af virðingu um hvert annað, nemendur okkar og foreldra.

### Þekking, færni og fjölbreytileiki

Við viljum skapa starfsfólki tækifæri til að bæta við sig þekkingu og stuðlum að því með fjörugum samræðum, fjölbreyttum námskeiðum og námstækifærum. Við hvetjum fólk til þátttöku í sameiginlegum verkefnum á vegum sveitafélagsins. Styðjum við bakið á hvert öðru og hjálpumst að við að ná sameiginlegum markmiðum skólans.

Setjum okkur fagleg og framsækin markmið og erum vakandi fyrir því að verða betri í dag en í gær.

### Framsækni og traust

Við viljum vera góður skóli sem foreldrar, nemendur og við sjálf getum verið stolt af. Reynum að skilgreina vel hver markmið skólans eru og tökumst á við áskoranirnar í skólastarfinum með samheldni og heiðarleika að leiðarljósi.



Mennt er máttur ef þú ert sáttur